

Ágætu lesendur

Nú er sumri tekið að halla og hefur það verið misjafnt hvað veðurfar snertir. Sums staðar gott annars staðar síðra. Heilt yfir mun þó hefyndur vera góður, allavega heyrir ég ekki annað.

Ánægjulegt er að geta sagt frá því, að sala á mjólkurvörum hefur verið mjög góð. Júnímánuður var einhver sá besti í sögulegu tilliti sem við höfum haft, ennfremur var júlí mjög góður, en það á sér aðrar skýringar en hvað söluna í júní varðar. Fyrsta ágúst tók gildi nýtt verð á mjólkurvörum, þá hækkuðu sumar þeirra um meira en 10% og skýrir það hömstrun á vissum vörutegundum.

Í júní hinsvegar var slíku ekki til að dreifa og líklegasta skýring á mjög góðri sölu í þeim mánuði að mikið var um erlenda ferðamenn og svo það, að fáir Íslendingar munu hafa verið á faraldsfæti á erlendri grund.


Aðalurmæðuefni sumarsins hefur verið umræðan um Ísbjargarreikningana (Icesave) og ríkisábyrgðina á endurgreiðslum þeirra. Viss er ég um að stór hluti íslensku þjóðarinnar skilur ekki alveg út á hvað þetta gengur, þó svo að annar fv. bankastjóri Landsbanka Íslands hafi kallað þetta „tæra snilld“ á sínum tíma. Það er þessi „snilld“

sem hefur sett okkur í þessa alvarlegu klemmu fyrir utan að sjálfsögðu margt annað.

Í öllu þessu hefur ESB umsóknar- umræðan druknað og fer hún sjálfsagt ekki á stað fyrir en í vetur. Væntanlega fer þó fram mikil vinna hjá Utanríkisráðuneytinu hvað þetta varðar, þó svo að það komi ekki fram opinberlega, enda eru væntanlega mörg Evrópusinnuð vinnuhjú þar á bæ.

Stjórn SAM samþykkti í vikunni að hafa samstarf við Landssamband kúabænda um þessi mál og úrvinnslu þeirra fjölmörgu álitafna sem upp koma í þessu sambandi. Verður stofnaður sérstakur vinnuhópur um verkefnið og mun hans starf verða að verja og skýra hagsmuni mjólkurframleiðenda og mjólkurvinnslunnar með öllum tiltækum ráðum. Væntanlega munu á næstu vikum koma fram upplýsingar um það með hvaða hætti ESB málum verður framhaldið.

Varðandi verðlagninguna 1. ágúst sl., þá var það miður, að ekki tókst að fá leiðréttingu á verði til mjólkurframleiðenda. Hinsvegar tókst að fá að hluta til leiðréttingu á þeirri skekkju, sem myndast hefur í útsöluverði mjólkurvara og ber að fagna því. Undanfarið misseri hefur skekkja þessi haft þau áhrif, að tekjur mjólkuriðnaðans hafa



verið mun minni en ella, vegna tilfærslu í sölu tegunda.

Í sumar hafa legið fyrir drög að breytingu á búvörulögum. Breyting þessi lítur að meðhöndlun á mjólk utan greiðslumarks. Frumvarp þetta hefur verið afgreitt af ríkisstjórn, en ekki fengið þinglega meðferð, enn sem komið er og liggja ýmsar ástæður fyrir því.

Á meðan þetta mál er ekki afgreitt verður erfitt, ef ekki útilokað að ákvarða um verð á umframjólki á næsta verðlagsári.

Með bestu kveðju,
Magnús

Góð ráð í lok sumars

Nú þegar sumri er farið að halla er vert að minna á nokkur atriði sem hafa ber bak við eyra kúabóndans, sumir mundu kalla það tuð í mjólkurefirlitsmanni en einu gildir hvað menn kjósa að kalla það. en hér eru þrjú góð ráð af mörgum góðum.

1. Ef einhverjir eru ekki búnir að þvo fjósið innan eftir síðasta vetur þá er gott að drífa í eftir slátt, því fylgja óteljandi kostir s.s. minni fluga, lakari aðstæður fyrir sýklastírur og lægri líftala í mjólkinni. Þvoði bása og flórristar sérstaklega vel og ekki gleyma fóðurgangnum. Ef básamottur eru lausar er áriðandi að þvo undan þeim og láta básinn þorna áður en þær eru lagaðar aftur eða úða Virkon blöndu undir mottuna eftir þvottinn og leggja hana síðan ofaní Virkonið. (Virkon blandast 50 gr. í 5 lítra vatns.)

2. Ef ekki hefur verið hreinsað úr kælirist mjólkurtankans þá er ekki seinna vænna en gera það nú, átti raunar að gerast í vor áður en hlýna tók í veðri, hrein og opin kælirist styttr kæliríma mjólkurinnar, sparar rafmagn og minnkar líkur á leiðinlegri bilun mjólkurtanksins, stytting kælirímans hefur síðan áhrif á fjölgun gerla í mjólkinni þ.e. hægir á henni.

3. Látið ekki kýrnar liggja úti um nætur þegar sumri hallar og dimma tekur því jarðraki og jarðkaldi elur á bólgueinkennum þeirra kúa sem eru viðkvæmar eða á gráu svæði í jógurheilbrigði.

Kýr bíta ekki þegar orðið er dimmt þannig að það er engin ávinningur að hafa þær úti þegar farið er að kólna, þvert á móti.

Með bestu kveðju,
Kristján Gunnarsson mjólkurefirlitsmaður SAM.

Greiðslumark mjólkur

Þann 21. Júlí sl. staðfesti Landbúnaðarráðherra reglugerð um greiðslumark mjólkur fyrir næsta framleiðsluár. Greiðslumarkið er ákveðið 155 milljónir lítra fyrir næsta tímabil, sem verður 16 mánuðir. Næsta framleiðsluár verður því frá 1. september 2009 til 31. desember 2010. Brýnt er að framleiðendur átti sig á þessari breytingu, því í reynd er um lækkun greiðslumarks að ræða ef miðað er við 12 mánaða tímabil, úr 119 milljónum lítra í 116,25 milljónir lítra. Um tíma stefndi í enn frekari samdrátt en raun varð á. Greiðslumarkið skiptist í sömu hlutföllum milli greiðslumarkshafa og áður.

Þá breytist tilhögun C-greiðslna þannig að greiðslur falla niður í júlí og ágúst, hlutföll lækka vegna greiðslna í janúar og febrúar en hækka í nóvember og desember 2010. Bundnar eru vonir við að þetta verði til þess að jafna út framleiðslu eftir mánuðum og þannig megi lágmarka þörf iðnaðarins fyrir sveiflujöfnun með duftvinnslu.

Mjólk framleidd á því lögbýli sem greiðslumark er skráð á, veitir rétt til beingreiðslna, innan þess framleiðslutímabils sem reglugerðin nær yfir. Eins og áður skal framleiðsla umfram greiðslumark fara á erlendan markað á ábyrgð hvers framleiðanda og afurðastöðvar. Mjólk sem unnið er úr til sölu, heima á sama lögbýli og framleiðsla fer fram á, skal telja sem framleiðslu innan greiðslumarks viðkomandi býlis.

Framleiðendur er kvattir til að kynna sér reglugerðina og breytingar sem í henni felast.

Nýr mjólkurbíll í Búðardal

MS Búðardalur fékk nýja bifreið í lok nóvember 2008. Í janúar-mars 2009 var svo unnið að standsetningu, smíði og ásetningu vörukassa og frágangi á færanlegum 8.500 lítra mjólkurtanki inni á vörukassanum.

Hér er um að ræða sérútbúna bifreið af gerðinni Scania 480 hö, sem notuð er bæði til vörudreifingar og mjólkursöfnunar á norðanverðu Snæfellsnesi (Stykkishólmur, Grundarfjörður, Ólafsvík, Rif og Hellisandur).

Á þessari leið voru áður notaðar tvær bifreiðar, önnur dreifði fullnum vörum og hin annaðist mjólkursöfnun. Með tilkomu þessarar bifreiðar, eru hinar tvær teknar úr notkun og með því sparast um 14.500 km akstur á ári.

Afhending bifreiðarinnar fór formlega fram í júlí sl. Á myndinni eru frá vinstri Gestur Magnússon, Vögnum og þjónustu, sem sá um alla smíði og frágang á vörukassa, Sævar Hjaltason, mjólkurbússtjóri MS Búðardal, og Bjarni Arnarson, sölustjóri flutningatækja hjá Heklu.

Kveðja, Sævar



Kynning á stjórnarmönnum

Nafn:

Guðrún Sigurjónsdóttir 42 ára.

Bú:

Glitstaðir í Norðurárdal, Mýrasýslu. Við leggjum inn í MS Reykjavík.

Heimilishagir:

Ég er gift Eið Ólasyni og við eigum 4 börn. Jóhann Óla 16 ára, Auði 14 ára, Eyrúnu Margréti 9 ára og Sigurjón Geir 1 árs. Hér á Glitstöðum búa einnig foreldrar mínir, Auður og Sigurjón.

Búskapur:

Við erum með blandaðan búskap. 30 mjólkandi kýr og annað eins af kálfum og geldneytum og síðan 150 kindur.

Hvenær hófstu búskap:

Við Eiður hófum búskap árið 2000 en þá keyptum við búreksturinn af foreldrum mínum en leigðum jörð og byggingar. Þannig er staðan enn í dag.

Hvað hefur breyst mest frá því að þú byrjaðir búskap:

Hér á Glitstöðum var mesta breytingin þegar við tókum í notkun heilfóðurkerfi fyrir mjólkurkýrnar en það hefur sparað okkur mikið í fóðurkostnaði og vinnu. Annars hafa mestu breytingarnar verið í aðgengi að fjármagni en líklega hefur fjármagni aldrei verið haldið jafnmikið að bændum eins og undanfarin ár. Þjartsýni hefur einnig ríkt um útflutning mjólkurvara en nú er allt í kaldakoli og er það miður.

Hver eru sóknarfærin í búskapnum í dag:

Úff – erfið spurning! Halda sjó og þrauka. Þegar illa árar reynir maður að gera sér grein fyrir hvernig ástandið verður eftir 10, 20, 50 ár sem er nokkuð erfitt því það ræðst mikið af því hvort við göngum í ESB eða ekki. Hvort er nú betra að auka/kaupa ræktað land eða æfa sig í eyðublaðaúfyllingum? Ég mæli með því fyrirnefnda.

Hvar kreppir skóinn í búskapnum:

Eitt af vandamálum greinarinnar er hversu gífurlega misjöfn staða er innan hennar þar sem algjörlega skilur á milli skuldsettra búa og hinna skuldminni. Við verðum að auka launagreiðslugetu búanna, vinna með tölurnar í búrekstrinum með það að markmiði að bæta hagkvæmni rekstrarins og eins að viðurkenna og fá það viðurkennt að það eru engar forsendur fyrir því að holl og góð matvara sé ódýr, hvort sem hún er innflutt eða innlend. Sé hún það er skýringin ekki sú að einhver sé að vinna góðverk heldur frekar að einhver í keðjunni hafi ekki fengið greitt það sem honum ber og það ætti ekki að vera valkostur.

Framtíðaráform þín:

Í búrekstrinum að auka mjólkurframleiðsluna – fjósbygging hefur staðið til undanfarin ár en sem betur fer vorum við ekki byrjuð. Vonandi verður það framtíðin. Vonast einnig til að geta látið gott af mér leiða í félagsmálum með bændum en það er mjög skemmti-



legur félagskapur og krefjandi. Kjaramál okkar bænda eru mér oft hugleikin.


Félagsmálastörf:

– eru skemmtileg. Ég er í stefnumótunarhópi Landssambands Kúabænda og er í stjórn Mjólkurbús Borgfirðinga sem er félag kúabænda, Kaupfélags Borgfirðinga, Fóðurlöndunni, MS og Auðhumlu.


Góð ráð til MS og Auðhumlu:

Nauðsynlegt að okkur takist að halda mjólkurframleiðendum saman sem einum hópi hvort sem bændur tilheyra þeim sem framleiða „venjulega“ mjólk, lífræna eða selja beint frá býli. Líkast til hefur það bjargað mjólkuriðnaðinum frá falli að hann var ekki til sölu á þessum svokölluðu góðæristímum. Við verðum ekki síður að standa vörð um hann núna.

Samanburður á frumtölu árin 2009 og 2008 hjá innleggjendum MS



Samanburður á líftölu árin 2009 og 2008 hjá innleggjendum MS



Innvigtun mjólkur á landinu eftir vikum



Útgefandi Auðhumla og MS

Ábyrgðarmaður:
Magnús Ólafsson

Ritstjóri:
Garðar Eiríksson, gardare@audhumla.is

Ekki er leyfilegt að vitna í Sveitapóst Auðhumlu og MS á opnum vettvangi.

Upplýsingar um rekstur félagsins og önnur skyld efni má nálgast hjá forstjóra, Magnúsi Ólafssyni, í síma 569 2200.

Sala á mjólkurvörum í júlí 2009

	Magn (kg)				Upphæð			
	Síðasta ár til mánaðar	Ár til mánaðar	Mismunur	%	Síðasta ár til mánaðar	Ár til mánaðar	Mismunur	%
Samt. kg	4.495.100	4.577.807	82.707	1,84	3.423.241.067	4.061.204.122	637.963.055	18,64
Samt. litr	29.052.813	31.234.141	2.181.328	7,51	4.480.184.264	5.308.063.890	827.879.626	18,48

Innvigtun og nýting greiðslumarks á verðlagsárinu 2008-2009

Landið september-júlí:	2008-2009	2007-2008	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	116.256.457	114.942.782	1.313.675	1,14%
Greiðslumark	119.000.000	117.000.000	2.000.000	1,71%
Nýting greiðslumarks	97,69%	98,24%		
Landið janúar-júlí	2009	2008	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	77.137.914	76.921.138	216.776	0,28%

Vikunnlegg síðustu 5 vikurnar:

Landið síðustu 5 vikur:	2008/2009	2007/2008	Mismunur	Hlutfall
28	2.437.427	2.475.150	-37.723	-1,52%
29	2.405.705	2.414.847	-9.142	-0,38%
30	2.378.252	2.381.742	-3.490	-0,15%
31	2.336.380	2.353.524	-17.144	-0,73%
32	2.306.866	2.328.143	-21.277	-0,91%
Samtals:	11.864.630	11.953.406	-88.776	-0,74%

Yfirlit mælinga hjá MS

Tímabil V/MM/ÁÁ-V/MM/ÁÁ	Fita	Prót	Kas.	Ffs.	Úre.	Fmk.	Líftala MFM	Frumut.	Frumut. MFM	Fjöldi
1/07/09 - 4/07/09	4,21	3,27	2,53	0,8	5,7	-0,543	18	272	253	2.721

Líftala í þúsundum hjá MS

Mánudur	% sýna í hverjum flokki miðað við líftölu					
	0-40	0-75	0-400	401-600	601-3000	yfir 3000
Júlí 2009	87,73	95,26	99,30	0,22	0,33	0,15